Héraðsskjalasafn
Austur-Húnavatnssýslu

1.

# Ásar

Blað U. M. F. Framtíðin

1. Árgangur — 1918

Ritstj. Jón Einarsson

# Ásar

## Blað U. M. F. Framtíðin

1. árg. - ~~1918~~ - 1919 — 1. tbl.

### Nokkur orð um stofnun blaðsins

"Láttu ekki skelfa þig leiðsögu hans er leggur á tæpasta vaðið:" segir Þorsteinn Erlingsson það kemur ekki svo sjaldan fyrir að menn láta yfir bugast af því að sjá ófarir annarra fast ekki til að reyna sama starfið eða ganga sömu braut af ein tómum ótta fyrir því að hamingjan verði þeim fráhverf Þetta er mjög hættulegt það lamar viljann og starfsþrekið.

Hvaða vissa er fyrir því að sjáfn óhappalega takist fyrir þessum sem þeim er næst reyndi á undann.

Á stofnfundi fjelagsins okkar heyrði eg rödd um það að þetta blað sem nú er að fæðast hjá okkur yrði vafalaust fjelaginu til vanvirðu og angurs. í framtíðinni því það færi oftast á þann veg er stofnað. væri til blaðs útgáfu í óþrórkudum

fjelögum þarna er ekki vel spáð fyrir
okkar litla blaði og vona eg fastlega að
slíkar hrakspár komi ekki fram
Það er mikið rjett að fleiri meðlimir þessa
fjelags eru óþroskaðir unglingar en fjelags-
-skapurinn á að þroska meðlimi fjelagsins
og hefja þá blaðið okkar ætti einmitt
að geta lagt drjúgann skerf til að þroska andann
Að blaðið verði okkur til vanvirðu er að
líkindum átt við að ritgerðir okkar verði
svo andlausar og illa klæddar að við hljótum
að skammast okkar fyrir þær þegar við þroskumst
betur, sje þessi hlið tekin þá er þetta ekki
rjett við mundum heldur hafa ástæðu til að
gleðjast yfir að sjá hve við hefðum þroskast
smátt og smátt því fáir eru smiðir í fyrsta
sinn segir máltækið og eins er með okkur
flesta fjelagsmenn þó hugsjónir okkar verði
tötralega og ósmekklega klæddar í fyrstu
lagast það efalaust með æfingunni við verðum
samhliða fjelagsskapnum að eiga kost á að æfa
hönd og huga á pappírnum
Þetta blað okkar á að gefa einstaklingum
innan fjelagsins tæki færi til að láta í



ljósi áhuga mál sín og starfa að því að
þau geti orðið sameiginleg áhugamál
fjelagsmanna því eg veit við að sumir verði
fram færnari með hugsjónir sínar ef þeir
geta átt völ á því að láta þær í ljósi á
pappírnum heldur en bera þær upp á
fundum fjelagsins

Jón Einarsson

# Kvöld þankar

Eitt af aðal skilyrðum lífsins er að eiga
skemtilegt og gott heimili. Það er eins nauð-
-sinlegt fyrir mann lífið eins og sólar-
-geislarnir eru nauð-sinlegir blómunum
Á góðu og reglusömu heimili er altaf nóg
lífs gleði gleðin er undirstaða hamingjunnar
gleðin er ómissandi til þess við getum
afkastað sæmi legu verki. Hver sem á
hamingjusamt heimili hefir þegar öðlast
góð skilyrði til að vinna fyrir landið og
þjóðina eftir kröftum, á öllum sviðum er
full þörf fyrir slíkt

við verðum því að klyngja sem við getum
að öllu sem aukið fær samúð og fjelags lyndi
Hvert heimili eða heild á að vera gróðrarstöð
menningar og frama
Eins og hverjum einstakling er nauðsynlegt að
eiga slíkt heimili eins er það nauðsynlegt fyrir
fjelagsheildina mjer dettur í hug litla fjelagið
okkar. Við þurfum að eignast heimili til
þess að geta notið fjelagsskaparins
jeg veit að vísu að í því efni verður alt gjört
fyrir okkur sem að hægt er, hingað til hefir
ekki staðið á því alstaðar hefir fjelögum hjer
verið leift að halda fundi þar sem það
hefir verið hægt
En það er með þetta eins og alt annað
að það er betra hjá sjálfum sjer að taka
en sinn bróður að biðja
Ef fjelagslífið á sjer nokkra framtíð fyrir
höndum hjer í sveitinni sem eg vona fastlega
þurfum við að koma eypp rúmgóðu og þægi-
-legu samkomuhúsi
Við Hunvetningar erum á eftir tímanum með
margt sem fjelagsskap viðvíkur við eigum engann
söngflokk- ekkert leikfjelag og yfir höfuð ekkert-



sem hægt er að bjóða til skemtana
Gaman væri ef litla fjelagið nýja gæti bætt úr
þessu eða hvað finst ykkur ?
Þetta er of til vill alt of há hugmynd
enn eg slæ þessu fram bæði í gamni og alvöru
lát ykkur svo ráða hvert það gæið þessu
nokkra athygli eða ekki en það er ótvísatt
tilveru skilyrði fyrir öll fjelög eins og alla
einstaklinga að hafa einhverja ákveðna hugsjón
til að berjast fyrir einhvert ákveðið takmark
til að keppa að
Fyrst við erum að stofna fjelagsskap megum
við til að taka á því sem við höfum til. ef við
gerum það vona eg hins besta og hvað er
nær en berja á því að eignast skyli yfir
höfuðið

Sigtr Benediktsson

## Kaupstaðar og Sveitalíf

Fyrst eg komst í ritnefnd þessa blaðs verð eg
að sýna lit á að styðja það að einhverju
leyti hvorki verður það fyrir ferdar mikið nje

lærdómsríkt    Oft hefi eg hugsað um á vorin
og sumrin þegar jörðin er í fegursta skrúða
af hvaða ástæðu fólk þyrpist í kaupstúnin
eins og það gerir yfir litt því mjer finst
mismunurinn svo mikill
Það er óhuggulegt í kaupstúnunum að byrgja
sig inni í misjöfnum húsakynnum og þá
sjaldan út er komið að geta þá ekki andað
að sjer óspiltu lífslofti því oftast er það
þrungið ópef og reykjarfýlu
Það er leiðinlegt að sjá hóp af körlum og
konum slæpast á götunum dag eftir dag og
viku eftir viku og vita ekki hvert skal
halda eða hve hægt skal feta
Þarna hefir ómenskan yfirhönd það litla
sem þeir vinna sjer inn yfir vorið og sumarið
fer yfir veturinn í margskonar skaðlegar
nautnir það er að segja afgangur þess er þarf
til líkamlegra þarfa
Nú hefi jeg á ófullkominn hátt minst á
kaupstaðalífið og hverf frá því og vil minnast
á sveitalífið
Að hugsa sjer vorið í sveitinni með öllum
sínum yndisleik og að koma út á fögrum



sumar morgni og horfa yfir tún og engi og
teiga að sjer hið ylmsæta loft sem hvergi
fæst í jafn ríkulegum mæli eins og í sveitinni
og heyra loftið kveða við af marg breittum
fuglasöng svo þegar maður lítur yfir úthagann
þá er þar alt á iði af búpeningnum
Það er svo fjarska margt sem fyrir augu og
eyru ber í sveitinni að þrátt fyrir góðann
vilja þá get eg ekki látið pennann lýsa
því öllu
Eitt er eftir sem oft er sagt að dragi
fólk úr sveitinni það eru þessar miklu og
góðu skemtanir sem kaupstúnin láta í tje
En hvað finst ykkur kæru fjelagssyskin
getum við ekki skemt okkur vel í sveitinni
finnum við betri skemtanir í kaupstúnunum

Anna Guðmundsdóttir

# Fall Grettis Ásmundssonar

Þegar eg var að lesa Grettis sögu núna um dagirnar datt mjer í hug að minnast dálítið á Grettir þegar hann var í Drangey og óvinirnir ofsóttu hann á allar lundir

Jeg bist nú samt sem áður við að það þyki ekki vel valið til skemtunar eða fróðleiks vegna þess að senni legt er að flestir hafi lesið Grettis sögu.

Góð vísa verður ekki of oft kveðin stendur þar og sömuleiðis er með góðar sögur að þær verða ekki of oft lesnar

Það finst líka Jóni Ólafssyni ritstj. þar sem hann segir meðal annars um Íslend-inga sögur: Jeg get aldrei mælt svo vel sem eg vildi með því að sögur þessar sjeu keyptar og lesnar um alt land sje nokkur bók sem á að komast inná hvert heimili á landinu þá eru það Íslendinga sögur það eru bækur sem menn eiga ekki að reyna að fá til láns til skyndi lesturs eitt skifti heldur eiga menn hver sem getur að eiga þær og lesa aftur og aftur vetur eftir vetur



Þetta finst mjer hverju orði sannara og sá sem á annað borð hefir gaman af Íslendinga sögunum mun ekki telja það eftir sjer að lesa þær upp vetur eftir vetur

Guðm. Friðjónsson skáld lætur í ljósi gremju sína við lestrar fjelögin vegna þess honum finst þau vera þrándur í götu fyrir mönnum að þeir eignist bækurnar sjálfir

Hann segir meðal annars um Íslendinga sögur

(Sunnanfari VI. 11.)

Yngismeyjum vorum er gott og gagnlegt að dvelja á kvennaskólum þó þori eg að fullyrða að þeim er alt eins nauðsinlegt að lesa um Bergþóru. Guðrúnu Ósvífursdóttir. Þorgerði Egilsdóttir Þorbjörgu digru o. s. frv. og taka þær sjer til fyrirmyndar Ef þær fá eigi rjetta hugmynd um húsfreyju brag og kvennlega rögg semi þegar þær renna hugsjónum sínum eftir þessum skörungum þá kasta þær ekki hjegómagerfi Evu sálugu þótt þær leggi sig eftir heklunál og rósa saum

Ennfremur segir hann. Hvar sem tveir Íslendingar eða fleiri eru komnir saman undir reisifjöl ætti að vera bóka skápur og í honum

allar Íslendingasögur í skrautbúnu skinnbandi
Þá skal aftur vikið sögunni til Grettis
Þórir að Garði í Aðaldal gerði meir með kappi
en að lögum Grettir son Ásmundar hærulangs
að Bjargi í Miðfirði sekan á Alþingi 1016.
Sakaði Þórir, Grettir um brennu sona sinna
sem hann var þó ekki beinlínis valdur að
En óbeinlínis og óviljand má ef til vill segja
að Grettir hafi ollað dauða þeirra Þorgeirs
og Skeggja Þórissona því að líkindum hefðu þeir
ekki brunnið inni í sæluhúsinu fyrir sunnan
Stað í Noregi ef Grettir hefði ekki sótt þangað
eldinn fyrir (fyrir) kaupmenn þá er hann var í
förum með
Eftir að Grettir var orðin sekur sóttu óvinir
hans sífelt eftir að ná lífi hans fór hann því
einatt huldu höfði og dvaldi á ýmsum stöðum
og oft einsamall er hann þó tók nærri sjer
sökum mirkfælni. En þótt hann leitaði á náðir
höfðingja urðu þeir honum ekki að liði
En óvinum hans fjölgaði aftur því meir sem
hann var lengur í sekt þar sem hann varð
oft að lifa á ránum, og vega menn til að
verja líf sitt



Að síðustu fór Grettir í Drangey eftir
tilvísun Guðmundar ríka á Möðruvöllum
ásamt Illhuga bróður sínum og umrenningi-
manni skagfirskum er Þorbjörn glaumur var
nefndur. Komst Grettir þá í ónáð margra
bænda í Skagafirði er hann tók undir sig
eyjuna og auk þess um 80 fjár er búendur
áttu á henni
Að Drangey eru há björg á allar hliðar
og svo gott vígi að ekki var upp á hana
komist nema stigar væru við hafðir
Fugla og eggja tekja var þar mikil og því
gott til fanga nema hvað óhægt var með
eldi við þessvegna söfnuðu þeir viðar sprekum
er ráku af sjá
Bændur vildu fyrir hvern mun hafa
Grettir burt úr Drangey með einhverju móti
en það var þeim torsótt því hann gekst
hvorki fyrir góðum bænum nje hótunum
þeirra enda vildi Grettir aldrei laust láta
það er hann hafði höndum á fest
Þá hjet Þorbjörn öngull er á hendur tókst
að koma Grettir burt af eynni
Nú gerði Þorbjörn öngull sjer ferð til

eyjarinnar til að hitta Gretti og vill fá hann
til að fara burt úr Drangey en Grettir neitaði því
gat Öngull ekki að gert svo fór um sjóferð þá
að Öngull fór jafn nær til baka
Í annað sinn fór hann til Drangeyjar og var þá
í ferð með honum austmaður sá er Hæringur hjet
hann var svo fær að hann kleif hvert bjarg
Skyldi hann nú reyna að sæta færi á þeim Gretti
meðan Öngull talaði við þá af skipi
Hæringur komst upp á eyna þó ólíklegt þætti
og fjekk Illhugi sjeð hann og snýri í mót
honum varð Hæringur þá svo hræddur að hann
rann á flótta og fram af bjarginu þar sem hann
kom að því og varð það hans bani heitir það síðan
Hæringshlaup
Með þetta setti Öngull í land og ekki erindi feginn
Nú leitaði Öngull ráða til fóstru sinnar gamallar
er Þuríður hjet og var álitin fjölkunnug
hún vildi fara til Drangeyjar til að sjá sig um
Fer Öngull þá í þriðja sinn þangað og er
kerling á skipi með honum og liggur þar í
fata hrúgu einni
Öngull talar við Gretti af skipi sem fyr og
biður honum en góð kjör til að fara burt úr



eynni en Grettir gefur þess engann kost
Þá mælti Þuríður kerling illa um fyrir Gretti
og brá honum mjög við orð hennar.
Grettir tók þá upp stein og kastaði kom hann
á fata hrúguna í skipinu og heirdist þaðan
hár skrækur Þorbjörn var það fjarri eynni
að hann áleit það einskis færi að kasta steini
svo langt þó dró Grettir það og braut hann
sundur þjólegg kerlingar með steininum
Þorbjörn fór nú heim og varð ekki af kveðjum
með þeim Gretti er þeir skildu
Kerling liggur nú í rekkju um hríð, en er hún
haltrar á fætur lætur hún aka sjer til sjáar
hitti hún þar rótar trje reit á það rúnir og
rauð í blóði sínu og kvað yfir galdra
Eftir það lætur hún hrinda trjenu á sjá út og
mælti svo fyrir að það skyldi reka út til Drang-
-eyjar og verða Gretti allt mein að
Annan dag eftir fundu þeir bræður rótartrjeð
er þeir leituðu að eldivið
Þá mælti Illhugi þetta er mikill eldiviður
frændi og berum heim Grettir mælti Illt trje
og af illum sent og skulum við annann eldivið
hafa og kastaði rótartrjenu á sjá út og bað

Illhuga varast að bera það heim hann gat ekki
um þetta við Glaum
Nokkru seinna sendu þeir Glaum að afla eldiviðar
hann fann rótar trje kerlingar og bar heim til
skála kastaði niður og eggjaði Grettir að færa ekki
ver sundur en hann hefði heim flutt
Grettir varð skapfátt við þrælinn og tvíhenti bolöxi
að trjeinu en er hún kom við trjeið snjerist hún
flöt og stökk af trjeinu og á fót Grettis hinn hægri
fyrir ofan knje svo að stóð í beini
Þá leit Grettir á trjeið og mælti sá varð nú dyggari
er ver vildi og man þetta ekki eitt saman fara
Illhugi batt um sárið og eftir 3. nætur var það
nálega gróið en eftir það hljóp sárið sundur
og fylgdi verkur mikill tók þá og lærið að grafa
og snjerist um allt sárið svo Grettir gerðist ban-
-vænn sat Illhugi yfir honum nótt og dag
en þrællinn skyldi gæta stigans
Þuríður kerling eggjar nú Þorbjörn að finna
Grettir að nýju hann tók því þá lega enn við
áeggjan kerlingar aflar hann sjer manna og
fer til Drang-eyjar og er þeir koma þangað
sjá þeir að stiginn er ekki upp dreginn
hafði þrællinn af þyrsku sinni svikist um að draga



hann Gengur Þorbjörn þá upp með menn
sína og hittir Glaum sofandi við uppgönguna
vakti Öngull hann og Gét hann segja sjer
af þeim bræðrum
Gengur þeir síðan heim til skála og brutu
upp hurðina
Illhugi greip til vopna og varði
dyrnar svo þeir náðu ekki inn-göngu og
er þeir sáu að þeir gátu ekki að gert
klyfu þeir upp á skálann og rifu þakið
Þá færðist Grettir á fætur og lagði spjót út á
milli viða og gegnum Kárr frá Hofi
Þeir tóku um ásendann og treystu á þá þar
til ásinn brast í sundur
Grettir mátti ekki af knjám rísa greip
hann þá saxið og hjó Vikar sundur um
þvert í því þeir klyfu ofan í tóftina og
steiptist búkurinn ofan á Grettir í tveim
hlutum gat hann þá ekki uppsett saxið
svo fljótt sem hann vildi og því lagði
Þorbjörn Öngull milli herða honum og var
það mikið sár þá mælti Grettir Berr er
hverr á bakinu nema sjer bróður eigi
Illhugi kastaði þá skyldi yfir hann og varði

Grettir svo röskglega að allir menn ágættu vörn
hans. Þeir sóttu nú að fast en Illhugi varði
þá báða drengilega en Grettir var með öllu óvígur
bæði af sárum og sjúkleik. Þeir báru þá skjöldu
að Illhuga og gátu handtekið hann hafði hann
þá drepið 3 menn Önguls og veitt mörgum
áverka. Eftir það gengu þeir að Grettir
Varð þá engin vörn af honum af því að
hann varð áður kominn að bana af fótarsárinu
var lærið alt grafið upp að smáþörmum
Veittu þeir honum þá mörg sár en lítt eða
ekki blæddi. En er þeir hugðu hann dauðann
þreif Öngull til saxins er Grettir hjelt á hafði
hann krept fingurnar fast að meðalkaflanum
og náði Öngull því ekki. Alla tóku þeir til
áður lauk og fengu ekki að gert að heldur
hjuggu þeir þá höndina af honum í ulfliðum
og rjettust þá fingurnar þá tók Þorbjörn saxið
og hjó tveim höndum í höfuð Grettis svo að brotnaði
skarð í miðja eggjina. Eftir það hjó hann 2 eða 3
högg á háls Grettis áður af tæki höfuðið.
Nú veit eg vist að Grettir er dauður sagði Þorbjörn
Ljet Grettir þann veg líf sitt hinn vaskasti maður
er verið hefir á Íslandi



Í sekt hafði hann þá verið í rúma 19 vetur
og var tæpt hálffimtugur er hann var veginn
Illhugi vildi ekki þyggja grið af Þorbyrni
með þeim kostum er hann setti honum og
hjuggu þeir hann þar í eynni og lofuðu
allir hans hreysti þeir dysjuðu þá bræður
báða þar í eynni. Höfuð Grettis tók Öngull
með sjer og lagði í salt ætlaði með það til
Alþingis en hafði við það fyrir holl ráð annara
og gróf það á leiðinni í þúfu eina
Mikið fje hafði verið lagt til höfuðs Grettis
og fjekk ~~Grettir~~ Þorbjörn ekkert af því
en þar í móti var honum stefnt um
níðingsverk að drepa Grettir dauðvona og með
fjölkyngi. Varð sá endir á þeim málum að
Þorbjörn skyldi sigla samsumars og koma
aldrei til Íslands enda gerði hann það ekki
af því Þorsteinn drómundur hálfbróðir Grettis
drap hann út í Miklagarði. Á Þorbyrni
Öngli sannaðist það fyllilega að skamma
stund verður hönd höggi fegin
Frændur þeirra bræðra Grettis og Illhuga
sóttu lík þeirra bræðra til Drang eyjar og
færðu út til Reykja á Reykja strönd

og grófu þar að kirkju, um það er þessi vísa
kveðin
Aldrei sjúka gjörði grá
golins spanga Freyju,
kalda búka flutta frá
frændur Dranga eyju
Höfuð Grettis var grafið
heim að ~~Reykjum~~ Bjargi, í þá tíð var þar
Kirkja.
Grettis var vitnaður en vinafár og
ógæfusamur sterkur með afbryggðum og
glíminn sundmaður mikill,
skáldmæltur, skapbráður, hugdjarfur,
ófyrirleitinn og stundum slísinn.

Reykjum 26/3 1919

Páll Kristjánsson



# Ásar

## Blað U. M. F. Framtíðin

1. arg. ~~1918~~ 1919

2 Tbl.

### Stundvísi

Stundvísi er dyggð sem við Íslendingar vanrækjum
alt of mikið, enda er okkur oft borið á brýn
að við sjeum óstundvísir.
Marg oft eyðum við miklum tíma til ónítis og
margt gott tækifæri gengur okkur úr greipum sem
horfir til framfara á ýmsann hátt, fyrir tómlæti
okkar með að mæta á rjettum tíma og þrátt fyrir
það þó við rekum okkur á oft og mörgum sinnum
hve seinir við erum lítur út fyrir að það hafi
engin áhrif, við erum ekkert stundvísari næst
Margir halda ef til vill að of mikið sje gert úr
þessu, og menn sjeu ekki eins óstundvísir og af er
látið; En dæmin eru deginum ljósari, það eru
held eg fáir þeir mannfundir eða samkomur sem
byrja á þeim tíma sem ákveðið hefir verið,
menn koma svo seint. Menn leggja oft ekki af stað
heimanað frá sjer fyr en um það leyti sem fundirnir
eiga að byrja, og jafn vel seinna

Það eiðist því oft alllangur tími í að bíða eftir því
að orðið sje nógu framorðið til að leggja af stað
Vanalega er þessi stund ekki notuð til neins gagnslegs,
heldur líður hún framhjá eins og svo mörg önnur.
Menn hugsa sem svo. Mjer liggur ekkert á það verður
varla byrjað á gjellum tíma frekara en vant er
Ef við skoðum nú í okkar eigin barm ætli við
minnumst þá ekki að við höfum einhvern tímann
hugsað eitthvað áþekkt þessu
Þessi hugsunarháttur er ekki hollur nje vantandegur til
framfara. Hann verður að breytast við verðum hver
í sítu sinu lagi að koma nógu snemma, láta
ekki standa á sjer
Ef við förum að hugsa og breita þannig myndi margt
verða öðruvísi en nú er og mörg stund sem fer nú
til þess að bíða eftir því að verða of seinn, vera
notuð til að vinna eitthvað þarflegt
En hjer er við rammann reip að draga.
Margra alda vana sem er orð-in jafn rótgróinn
með þjóðinni þarf ekki að búast við að kippa í lag
í svip stundu, til þess þarf langann tíma
En einhvern tíma verður að byrja. Tímarnir breytast
og sá sem vill áfram verður að fylgjast með
tímanum. Nýjir tímarnir krefst af okkur



skilyrðislaust stundvísi í öllum greinum
Við tölum um framfarir og viljum áfram á sem
flestum sviðum. Enn gætum að því að með fram-
-förunum á aðeins stundvísin samleið
óstundvísina verðum við að skilja eftir við verðum
að leggja hana á hilluna svo hún verði okkar
ekki lengur: Þrándur í Götu
Og skil ungmennafjelagsskapinn svo að það sje hlut-
-verk öðru fremur að glæða áhuga æskumannsins fyrir
öllu því sem er fagurt, gott og göfugt vekja
starfslöngun hans og kenna honum að neyta starfs
krafta sinna opna nýja hugsjónaheima fyrir ~~unl~~
unglingnum og beina huga hans inn á brautir
dáða og drengskapar.
Ef ungmennafjelögin vilja vera hugsjónum
sínum trú, er það áreiðanlega skylda þeirra að
taka stundvísina á stefnuskrá sína og vinna að
henni af alefli. Það væri líka óneitanlega skemti-
-legt fyrir þau að stíga fyrsta sporið í þessa
átt, með því ynnu þau landi og þjóð ómetan-
-legt gagn því fyrsta skilyrði fyrir sönnum fram-
-förum og velmegun er að fara vel með tímann
Þó maður tapi einhverju er oft hægt að vinna
það upp aftur, en glataða stund aldrei

Það er áreiðanlegt að ungmennafjelögin gætu talsvert gert í þessu máli ef þau beittu sjer fyrir því.
Fyrst og fremst að mæta á fundum sínum á rjettum tíma og hvetja meðlimi sína yfirleitt til að vera stundvísa. Eg er viss um að þegar meðlimir fjelag-anna fara að venjast við að mæta á fundum fjelagsins á rjettum tíma þá fer þeim að finnast það als ekki óþægilegt og síðar meir venna að því hver í sínu lagi að útbreiða stundvísina
Eigum við nú ekki í þessu fjelagi að fara að hugsa ofur lítið meir um stundvísina en við höfum gert hingað til og reyna að fara betur með tímann. einmitt byrja það nú þegar fjelagsskapur okkar er að byrja nýtt líf. Fyrsta sporið ætti að vera að við temjum okkur til og mætum ávalt stundvíslega á fundum fjelagsins síðar meir getum við stækkað verksviðið en þetta álít eg gott að byrja með.
Fjelagið okkar stendur nú á nokkurskonar tíma-mótum og þá er hvert spor sem stigið er mjög mikilsvarðandi þær stefnur sem við tökum nú ráða miklu um velferð og framtíð fjelagsins
Við skulum því marka stundvísina á stefnuskrá okkar og hafa það hugfast að meðan við notum tímann illa verðum við ekki afkastamiklir við rektum lýðs og lands

Jón Magnússon



# Nokkur orð um íslensku glímuna

Á söguöldinni voru íþróttir hjer á landi í miklum blóma næstum undantekningarlaust hver einasti frjálsborinn maður stundaði alskonar íþróttir frá blautu barns beini ein af þeim íþróttum var glíman hún mund þá hafa verið lík og nú enda er hún eina al-íslendska íþróttin sem nokkur veigur er í En er fram liða stundir einkum eftir að landið misti sjálfsforræði sitt dofnar heldur yfir íþróttum og sumar gleymdust að mestu, nema gliman hún hefir altaf haldist við. Þjóðin tók astfóstri við hana og hafði unun og yndi af henni
Ungu mennirnir áttu sjer víða glímumót. Í forn-öldinni glímdu þeir á Alþingi, hjeraðsþingum og víðar. en síðar í fjallgöngum og við rjettir. við kirkju eftir messu og öðrum manna mótum
Í fiskiverum þar sem margir ungir menn voru samann komnir víðsvegar af landinu. voru glímur talsvert iðkaðar þar voru oft háðar allmiklar bænda-glímur þetta hefir alt hjálpast að því að halda vakandi áhuga fyrir glímunni
En mestann þátt í við haldi hennar minsta kosti á

Tímabili áttu þó skólarnir Skálholts og Hóla og síðar Bessastaðir þeir voru nokkurskonar gróðrarstöð glímunnar Íslendska glíman hefir þannig haldist við öld fram af öld enda þótt stundum hafi dofnað yfir henni í bili. En eftir miðja síðastliðna öld fer aftur að færast nýtt líf og fjör í glímuna.
Glímufjelag var stofnað í Reykjavík og víðar á landinu
Í byrjun þessarar aldar fór ný hreyfing að gera vart við sig hjer á landi – ungmennafjelagshreyfingin
Ungmennafjelögin tóku að sjer glímuna og hafa unnið talsvert að viðhaldi hennar og í ársbyrjun 1912 var stofnað Íþróttasamband Íslands, sem vinnur að hvers konar íþróttum og skipar það glímunni í öndvegissæti meðal íþróttanna
Öll ungmennafjelög ættu því að finna sig skyld til að halda þar áfram sem byrjað er og hefja glímuna til vegs og gengis
Fjelag okkar ætti einnig að styðja að íþróttum og láta glímuna sitja í fyrirrúmi. Og álít að það besta sem fjelagið gæti gert til framkvæmda í þessu máli sje að stofna glímuflokk í sveitinni eg álít að meira áynnist á þann hátt heldur en þó fjelagið tæki það fyrir að iðka glímur á eftir fundum sínum það myndi varla verða úr því nema þegar best gjeti.



Fjelagið ætti að kaupa glímubókina sem íþróttasamband. Íslands gaf út fyrir skömmu.
Í bókinni er lýst öllum glímubrögðum og gefnar ýmsar reglur og leiðbeiningar viðvíkjandi glímunni hún gæti verið okkur góður leiðarvísir meðan við erum að byrja
Mjer finst það vera skylda allra góðra manna og fjelaga að efla og styðja glímuna því hún er þjóðlegasta íþrótt okkar Íslendinga og jafnframt ein hin hollasta og fegursta
Eg vona að menn verði mjer sammála um að stofnun glímuflokks verði það besta sem við getum gert til eflingar glímunni. Og ættum við þá ekki að byrja strax?

Eiríkur. Magnússon

## Vo Vormorgun.

Einusinni var eg á gangi út á blíðum vormorgni einum þessum anganþýða morgni sem varla finst nema á okkar kalda heimskauta landi
Loftið ómaði af fuglakliði það var eins og hver fuglinn keptist við að fram leiða sem fegursta og mýksta tóna
Blómilmur stje upp frá grundinni Sólin – þessi mikli afl og unaðargjafi var að enda við að þurka skýrurnar

úr augunum á litlu sladbundnu börnunum sínum
Mjer datt í hug að indælt væri lífið er alt hepptist
við að lofa dýrð og mátt hins mikla höfundar þess
En vor er vor það er vona tími en ekki vissu.
Vetur gamli var ekki alveg farinn það leit helst
út fyrir að hann væri afbrýðissamur - öfundaði vor-
-gyðjuna hve vel henni var fagnað. Hann kunni ekki
áskuærslunum vildi sýna mátt sinn - það kom hagljel-
Mikil varð breytingin Fuglarnir þögnuðu Blómin
grjetu þau voru of viðkvæm til þessað þola ónotin
úr þessum gamla þul
En nokkru seinna varð hann að sleppa völdum við
móðir vorsins sólina. Hún tók að verma börnin sín
með kærleiksgeislum sínum þau grjetu um stund en
sá grátur snjerist brátt upp í hlýtt bros.
Æskan er ætíð fljót að láta vermast
En náttúran tók nokkrum breytingum blómunum jókst
þrek við vökvunina þau urðu fegurri eftir en áður að
heyja baráttuna fyrir lífinu
Sömu áhrif á reynslan að hafa á mannlífið. Hún á að
miða til að þroska það gera mennina hæfari til að
taka á móti mótlætinu og yfirstiga erfiðleikana
Annars er það margt sem læra má af náttúrunni og það
er oft ekki haldverra fyrir lífið en langur skóla-lærdómur



þó góður sje. Sá sem er stautfær í bók náttúrunnar
er ekki einn því þar er fjöld af vinum sem lifa og
líða hlæja og gráta.

Sigurgeir Björnsson

# Ómur.

Brot

Heyrirðu ekki óminn frá hafsins undra djúpi
er hrífur dýpstu strengi í minni ungu sál?
Skilurðu þar raddir í rauna og gleðihjúpi
raddir sem að tala svo dulrætt guðamál
Heyrirðu ekki ofsa og hrika leik í rómnum
helju lostinn vitfyrtann tryllingslegann söng?
Skilurðu ekki harminn er hreifir sjer í hljómnum
sem hringir síðstu tónum hin gamla líkaböng
Líður blítt með tónunum ljettur gleði hlátur
er lífgar kuldar kendir við insta hjartans grunn
Ef hlustarðu aðeins betur þá heyrist bældur grátur
hafmeyjunnar hljómbrot sjer verða aldrei kunn

Jón Einarsson

# Ásar

## Blað U. M. F. Framtíðin

1. árg. 1918. 3. tbl.

### Nokkur orð um skáklist

Ein af hinum fegurstu og frægustu listum og skemtunum sem við Íslendingar höfum völ á er skáklistin og er hún altof lítið iðkuð hjer. Skákin er eitt af þeim spilum (ef spil skyldi kalla) sem engin heppni getur komist að. báðir teflendur standa jafnt að vígi í byrjun og er því komið undir vana og kænsku hver vinnur. Einnig er skákin ein af þeim fáu skemtunum sem er óútreiknanleg og ótæmandi.

Eigi vita menn með vissu hvenær skákin fanst upp en fyrst fara sögur af henni á Indlandi á 6. öld e. Kr. var hún þá kölluð (Sjatur angól, þ. e. fylking í orustu. Þaðan barst hún til Persíu og var nefnd Sjakk (þ. e. kongstafl.) Frá Persíu barst hún til Arabíu þaðan til Spán og síðan út um Evrópu.

Sennilega hefir hún komið hingað snemma á 12. öld frá Englandi. ~~A Á öllum~~

Á öllu þessu ferðalagi tók skákin allmiklum breytingum: varð full-komnari Einkum urðu þó breytingar á



nöfnum taflmanna. Drottning hjet og heitir t. d. á persnesku vísir Hrókana kalla Rússar Tat eða skip Arabar kalla riddarana hest Danir og Svíar kalla peðið bónda. Englendingar og vjer Íslendingar erum hinar einu þjóðir sem kalla biskupinn því nafni

Árið 1852 var hið fyrsta alheims skákþing háð þar sem menn af öllum þjóðum gátu komið saman og reynt sig í skák og hafa þau oft verið háð síðan.

Varð þetta til mikilla framfara fyrir skáklistina af því bestu taflmenn heimsins kepstust æ meir og meir um þann heiður að vera kallaður skákkongur heimsins þann heiður og nafnbót hefir jafnan besti taflmaður heimsins hlotið

Sumir skákkongar hafa haldið þessum heiðri sínum í mörg ár t. d. Vilhelm Steinst var Skákkongur í 28 ár. Margir góðir taflmenn eru skæðir í svo nefndri blindskák Byggist hún aðallega á því að sjer hver reitur taflborðsins hefir sitt nafn: og annar (eða báðir) teflandi teflir án þess að sjá á skákborðið. Verður því einhver að fara fyrir hann mennina og segja honum hvað mótleikandi leikur Til þess að tefla blindskák þarf ekki að eins mikið minni til að geta sjeð taflið í huganum heldur þarf blindskakandinn að vera þaul æfður og vel að sjer

i taflbordinu. Fremstur allra blindskákenda er (at eg held) amerikumadurinn Harry N. Pillsbur hann tefldi 20 blindskákir samtímis og voru mótstödu-menn þó gódir taflmenn. Valdskák tídkadist hjer þó nokkud ádur. Er hún at því leyti frá brugdin þerri skák sem nú tídkast sem þá var kallad drepskák til at greiningar frá valdskák at engan valdadann mann má drepa.
Skáklistin er sú list og skemtun sem allir ættu að kunna. Hún er ekki adeins skemtilegri en flestar adrar skemtanir heldur þroskar hun og gerir manninn þeraári og fljótari at hugsa
Líklega verdur þess langt að bída að hjer verdi sett á stofn taflfjelag þótt þess væri full þörf af því ekkert hefir eins gód áhrif á tafllistina eins og taflfjelag ef gód regla er á.
Enginn verdur gódur taflmadur nema med mikkilli æfingu eftir því sem byrjendur tefla vid sjer betri taflmenn læra þeir fljótara og betur.
Einkum þurfa byrjendur að gæta þess að leika aldrei óhugsadann leik og reyna eftir megni að sjá hvad mótstödumadurinn meinar med þessum og þessum leik það er góds viti af því að þeir sem ekki vilja eda nenna að setja sig inn i taflid eda hugsa leik ítarlega



-rda aldrei gódir taflmenn. Så sem kemur börnum -a unglingum að spila gerir að jafnadi óþarft -rk, en så sem kemur þeim að tefla gerir -ft verk sem mun bera avöxt
-ort skyldi vera nytsamara og skemtilegra að -ila eda tefla? þessari spurningu ætti hver og einn svara sjálfum sjer og breyta eftir því

Gudmundur Jónsson.

## Samlinunguz

Nú þegar eg i fyrsta skifti tek mjer ritfæri i hönd að -ns að inna af hendi skyldu mína sem fjelagsmadur i -fylla eina sedu i bladi þinu Ksar. þá flygur mjer -angt i hug um gamla daga en eg veit nú vid að það -gi þyki ekki uppbyggilegt að fara að minnast á löngu -dna daga En eitthvað verdur að reyna því ekki hef -neina (því midur) frodleiksmola fram fyrir fjelagid -bera Eg veit vid því að það verdi nú sem fyr -sinum augum liti hver á silfrið enda ætla eg -jer ekki på dul að allir verdi sammála um það sem -jer hefir komid til hugar að rita um

Eg hefi hugsað mjer að þetta nýum myndaða fjelag
reyni að láta eitthvað eftir sig liggja þrátt fyrir það
þótt kraftar þess sjeu veikir og smáir því miður
en því meiri nauðsyn er að kröftum þessum sje haldið
saman og beint að einhverju vissu takmarki.
Um það geta verið skiftar skoðanir að hverju skal
stefna en eitt er þó víst og sjálfsagt það er trjá-
-ræktin sem auðvitað er þegar á stefnuskrá fjelagsins
Eg hefi alltaf haft þá skoðun (og hef hana enn þá)
að svo best verði veruleiki í trjá og blómarækt að
fjelagið hafi einhvern sjerstakann og sameiginlegann
blett um að hugsa og að því takmarki finst mjer
að fjelagið ætti að keppa. Heimarækt sem auka
atriði gott hver gerir það.
Eg efa það ekki að nóga bletti gæti fjelagið fengið til
-eignar og umráða fyrir ekki neitt því nóg er til af
órækt hjá oss en þess þyrfti að gæta vel að velja
rjett blett ef það væri gert á annað borð
Fyrir nokkuð mörgum árum var töluvert bæði rætt og
ritað um í Málfundarfjelaginu Framtíðin að koma
upp fundarhúsi fyrir fjelagið en um þá húsbygginu
urðu mjög skiftar skoðanir og eitt er víst að úr
byggingunni varð aldrei neitt þrátt fyrir það þó
allir væru ~~sam~~ sammála um að fjelagið þarfnaðist



einskis frekar en að hafa gott húsnæði.
Mesta strandið held eg hafi verið af því að hugmyndin
var að byggja strax svo stórt og vandað hús að það
gæti verið fundar og barnaskóla hús fyrir hreppinn
og það hygg eg að hafi mestann þátt átt í því að
málið strandaði
Nú datt mjer í hug ef fjelagið fengi sjer dálítinn
blett til ræktunar að meðlimir reyndu smám saman
með tíð og tíma að koma sjer upp einhverju skýli
sem gæti notast í það minnsta að vorinu og sum-
-rinu þegar fjelagsmönnum langaði til að koma
saman bæði sjer til skemtunar og að hlúa að ný-
-græðingnum. Eg hygg að ekkert gæti lyft fjelags
lífinu jafn vel upp sem það að hafa eitthvað til
að berjast fyrir þess yrði vel að gæta að reisa ekki
fjelaginu hurðar ás um öxl að fara gætilega í
allann kostnað og þó lítið væri tekið fyrst fyrir
þá mætti gera það svo að ekkert verk yrði ónýtt
þó færðar væru út kvíarnar það er áreiðanlegur
sannleikur að hálfnað er verk þá hafið er það verk
sem aldrei er byrjaða verður aldrei hálfnað því
álít eg ef það ætti fyrir fjelaginu að liggja að eiga
þannig lagaða eign þá væri best að byrja á fram-
-kvæmdum í þá átt sem fyrst.

Um þellað væri hægt að rita langt mál en eg ætla mjer ekki að hafa þessar línur lengri nú í þetta sinn í það minsta

Guðm. Sigurðsson

## Sund

Í vetur hefir verið minst á íþróttir t. d. Glímur Fótbolta o. fl. en eg man ekki eftir því að minst hafi verið á sund og er það þó ein hollasta og besta íþróttin
Eg hygg að það stafi af því að mönnum hafi fundist að því yrði ekki komið við í fjelagsskapnum
Mjer finst það sje þvert á móti eitt af því sem ætti að vera fremst á baugi hjá fjelaginu því um leið og sundið er holl og þörf hreifing þá er sundlistin fögur list. Hefði ekki verið gaman að íþróttir fjelagsins hefði verið svo að eitthvað af meðlimum fjelagsins hefði þreytt einhverja íþrótt nú á þessu stóra móti sem í að siggjö er í staðinn fyrir aðeins að standa hjá og horfa á
Það gætu orðið sennarlega ánægju legir um byrðis bundir að sumrinu, þar sem fjelagið hefði bæði sund og glímur og eg held að það mundi efla fjelags lífið að hafa þannig löguð mót svo oft sem hægt væri að sumrinu og um leið efla og styrkja fjelagsmenn að heilsu og líkams kröftum.



Við skulum hugsa okkur að næst þegar mót verður hjer hjá okkur Húnvetningum þá sendi Fram-tíðin bæði glímumenn og sund folk að þreyta mót öðrum fjelögum sem þar verða

Elinborg Guðmundsdóttir

## Ómur (brot)

Sit eg við fossinn minn fagra
fjötraður allann daginn
hlusta eg á hans huldu mál
er hjalar við sunnan blæinn
Stynur þar berg undann straumnum
stórfeldar bylgjur hrynja
loga í iðunni lita fjöld
lifandi tónar dynja
Hjarta mitt hlær og grætur
heillað af fossins óm
hvergi eg æðri unað fann
en afl í hans svása óm
Kveðja hann hjúft er líður
leikur á þíða strengi
indælir þrengjast inn í sál
ómar sem hljóma lengi
Jón Einarsson

Eftir farandi vísu helmunga vil eg
vinsamlega biðja fjelagsmenn að botna
og birta botnana í blaðinu Ásar.

I

Einhver dulinn andar blær
eld mjer huldum vekur

II

Blæs að landi bliðu þeyr
bárur sandinn kyssa

Jón Einarsson



# Ásar

## Blað U. M. F. Framtíðin

1. árg 1918 — 4 tbl.

### Framtíðar horfur.

Nú er svo komið að hið gamla málfundarfjelag
Framtíðin hefir að nokkru breitt um snið á síðast-
liðnu ári jeg vona að fjelagið geti en risið upp
og orðið mörgum sinnum þróttmeira eg það hefir
orðið hingað til.

Hvað mundi það vera sem gæti
lift fjelaginu upp á þær sigur hæðir sem eg vil
að það nái fótfestu á? til þess að geta eflst
og haldið áfram að starfa með fullum krafti
þá er það fyrsta skilyrðið að hafa hentugt hús
til að koma saman í.

Mjer dylst það ekki að við verðum það fyrsta
að koma okkur upp húsi sem við gætum komið
saman í og gert ýmislegt okkur til skemtunar
til dæmis ýmsa fimleika glímur dans og fleira
sem húsnæðisskortur hefir hamlað okkur frá
hingað til. Ef samvinna væri góð eins og hún á
að vera þá ætti það að geta látið sig gera að þá

um leið fundarhús fyrir sveitina og húsnæði fyrir
barnaskóla hreppsins. Hvað slíkt hús mundi kosta
er ekki gott að segja nú sem stendur og bygt
heldur ekki við að við förum að byggja hús nú á
næsta ári en að við athugum gang tímans
og sætum fyrsta tækifæri sem við sjáum fært að
koma upp húsi þá álít eg enga goðgá. þegar alt
lagast aftur og byggingar efni lækkar þá álít
eg að hægt mundi verða að koma upp húsi fyrir
svo sem 6000,00 (sex þúsund krónur) þriðjung til
helming ætti að vera hægt að fá úr landssjóði
væri þá eftir svo sem þrjú til fjögur þúsund
sem kæmi á fjelagið og sveitar sjóð eftir sam-
-komulagi
Heppilegasta leiðin hygg eg mundi vera svo að
hreppurinn kæmi upp húsinu á sinn kostnað
fyrir fræðsluhjeraðið og sem fundar hús fyrir sjálfan
sig. En fjelagið væri á bakvið þannig að það hefði
rjett til að halda fundi sína í húsinu móti því
að greiða visst árstillag til sveitarinnar á ári í
húsaleigu sú leiga ætti varla að fara langt yfir
100,00 kr á ári. Jeg álít að slíkt væri fjelaginu
ekki ofvaxið og greiða 100,00 kr á ári fyrir gott
fundar húspláss það væri á margann hátt hægt



að hafa það upp. Fleiri leiðir eru til að
koma sjer upp húsi en þessi sem eg hefi
bent á og væri gott að heyra fleiri raddir
með það. Til þess að færa nýtt fjör í fjelagið
þá álít eg fyrsta sporið að hafa hentugt húsrúm
til að halda í fundina svo þeir geti orðið sem
margbreittastir og laðandi fyrir fólkið.

Sigurður Erlendsson

## Verkefni

Nú hefir orðið mikil breyting á fjelagsskap Ásabúa
Gamla málfundar fjelagið komið aftur í barndóm
og orðið að Ungmennafjelagi þó eg hafi ekki
ástæða vegna getað sótt fundi ykkar í vetur og því
enga þátttöku veitt í þessarri breytingu er hún að
mínu skapi þessi breyting sýnir framfara þrá að
setja markið hærra, sitja ekki kyr á sömu þúfunni
sem svo mörgum hættir til
Fyrir þessu unga fjelagi liggja mörg mikil verk-
efni. Mörgum mun finnast lítt kljúfanlegt
að fram kvæma þau öll. Mikið má með vilja
og samtökum. Fjelagsmenn verða að sjá sem

mestum þroska sameina áhuga mál sín og vinna
svo í sameiningu að framkvæmdum þeirra.
Í fyrstu verða verkefnin að vera ljett. Allir verða
að veita þátttöku og bylgjast með það er þroska
skilyrði
Sálin er háð sama lögmáli sem líkaminn.
Okkur er það öllum kunnugt að vinnann þroskar
og viðheldur líkamanum. þeir einir geta hugsað
djúpt sem venja sálina við að hafa þó djúptæk
verði misjöfn. Áður hefi eg minst á að margt
sje til að starfa. Hvar skal byrja?
Næst virðist mjer liggja vöndun móðurmálsins
hefi eg heyrt raddir frá öðrum fjelagsmeðlimum
um áhuga í þá átt. Er það ekki sárt að
málið skuli litt með hálf útlendum bjagaðmælum
í stað alíslendskra orða sem hafa mörgum sinnum
fegri hljóm. Berið þið saman. Spasser túr og svo
Íslendska orðið skemtiganga mjer finst meiri
þíðleiki og fegurð bylgja íslendska orðinu
annað hitt að útlendu orðin eru borinn skakkt
fram og vill þá oft til að þíðing breitist og sá
sem talar veit hreint ekki hvað hann fer með
Eitt orð man eg nú sem eg hefi hlegið mest að
það er "Begrafelsi" sem þíðir ~~ap~~ útfarar veisla



þegar það breytist í framburðinum og verður
Begra-velsi. Begri þýðir kvíter
Fleiri orð gæti eg nefnt sem þýðingin breytist
við líka við skakkann framburð og það þó
skyekkjan virðist lítil
Mörg ykkar vita um uppruna Íslendskunnar
það er, forn norrænan en nokkuð breytt
Við Íslendingar erum þeir einu sem gætu að
mestu skilið fornnorðmenn ef þeir risu
upp úr gröfum sínum
Við megum sannarlega miklast af því að hafa varð-
-veitt norrænuna lítið breytta fram á þennann tíma
því sárara að nú á mentunar og framfara öld,
skuli málið vera svívirt með orðskrípum.
Afstaða okkar hefir verið góð við búa á eyju sæ
gyrtri langt frá öðrum löndum og haft að til-
-tölu lítil kynni af öðrum þjóðum.
Eigum við nú þegar reynslu stundin kemur sam
ganga og samneyti okkar og annarra þjóða fer
vaxandi að upp gefast og spilla móðurmálinu
og tína því síðasta eins og aðrir norðurlanda-
-búar sem höfðu upphaflega sama mál?
Nei það má ekki koma fyrir. Við verðum að bind-
-ast samtökum gera alt sem við getum til þess að

hreinsa og gæta málsins. Vinna á móti málspillingar öldunum, sem dreifa sjer með flugferð yfir landið, gera landræk öll orðskrípinn það verður að vekja áhuga allra fjelagsmanna þeir verða að herma munin á hreinni og bjagaðri Íslendsku. Ef aldrei stórfeldu af innri hvöt að vönduð móður málsins þá er eg viss um að það yrði hreinsað. allir svartir blettir þvegnir burt. Lesið þið Íslendinga sögurnar þar sjáið þið fagurt mál. Ófríþvingunar lög gera aldrei nema illt
Eg vona að þið takið þetta mál til meðferðar.
Ef eg gæti að einhverju leyti leiðbeint ykkur þá er það velkomið. Nú er tíminn þrotinn þó margt sje eftir að segja

Vigdís Björnsdóttir

Spurning: Er heppilegt fyrir lausa menn að trúlofast eða giftast ef svo er að hverju leyti.

Svar

Þessi spurning var lögð fyrir mig á fundi að Torfalæk 25 maí s. l. enn þar sem mjer er skylt að svara spurningunni verð eg að reyna það þó mjer sje það mjög þvert um geð af þeirri ástæðu að mjer finst fyrst og fremst spurningin hlægilega samsett og af fljótfærni



fram borin. Er heppilegt fyrir lausa menn segir spyrjandi jeg verð líklega að taka orðin svo að átt sje við þá menn sem ekki eru vist ráðin hjú og hafa ekkert við bundið. ef svo er skal eg benda háttvirtum spyrjanda á að lausa menn í þessarri daglegu merk-ingu hafa mjög svipuð skilyrði og fult vald til að gera sömu kröfur til lífsins og aðrir menn
Yfir höfuð lausa menn eru alveg eins og aðrir menn að öllu leyti.
Og að þessir lausa menn festi sjer ektamaka finn eg ekkert athugavert við, efalaust mjög heppilegt ef allir þeir kostir fylgja sem spyrjandi taldi upp á síðasta fundi og sambúðin fer vel.
Það eitt er eg alveg viss um að ef spyrjandi yrði einhvern tíma svo gæfuheppinn að ná í ektamaka sjer samboðin mundi hann ekki lengi velta vöngum og spyrja sjálfann sig eða aðra hvað væri sjer heppi-legt í þeim sökum, heldur skilyrðislaust grípa hnossið tveim höndum því vafalaust hefir spyrjandi einhvern tíma heyrt spakmælið „aumt er einbúans líf“ og hefir líklega hrillt við ósköpunum og því sett fram þessa spurningu. Enn mjög óheppilegt að fela þeim manni spurningu þessa sem als ekki getur svarað henni neitt fræðandi.

Jón Einarsson

Bötnar við vísuhelminga er birtust í 3. Tölublaði Ásar.

I

Vernda skuleum vinur kjær
von sem kulið hrekur

II

Upp við strandir aldan deyr
ei sú grandast „ vissa „ — „

Svo bið eg fjelagsmenn að botna

I

Mjer finst vandi að tendra tón
úrar blandast hyggja

II

Oma dís við óðar grín
eg mjer kys að lifa

Sigtrg Benediktsson



# Ásar

Blað U. M. F. Framtíðin

2. Árgangur 1920

Ritstj. Jón Einarsson